

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 20 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Með brot á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis-
eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Núpár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Núpár. Heimili þess og varnarþing er í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Núpár, en þær eru Hausthús, Rauðkollsstaðir, Hrútholt, Söðulsholt, Dalsmynni, Þverá, Kolviðarnes, Akurholt, Hrossholt.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurskoðningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. janúar 1974.

Haldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Haukar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Haukar.
Heimili þess og varnarþing er í Búðardal.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Haukadalsár, ásamt Haukadalsvatni og öllum fiskgengum ám og lækjum, sem í svæðið falla, en þær eru: Lækjarskógur, Brautarholt, Laxaborg, Kaldakinn, Vatn, Stóra-Vatnshorn, Skriðukot, Leikskálar, Núpur, Smyrlahóll, Giljaland, Skarð, Kross, Villingadalur, Mjóaból, Hamrar, Jörvi, Saurstaðir, Litla-Vatnshorn, Stóri-Skógur, Álfheimar, Skógskot, Harrastaðir, Skógsmúli, Afisstaðir, Þorbergsstaðir, Svarfhóll og Engihlíð.

3. gr.

Verkefni félagsins er að stunda fiskrækt eftir því, sem við verður komið á hverjum tíma, að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði á þann hátt, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og